

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 — 1978

30. nóvember 1978.

385

Nr. 103.

L Ö G

um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um niðurgreiðslu vöruverðs, lækkun skatta lágtækjufólks, félagslegar umbætur og verðbótavísitölu.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auka niðurgreiðslu vöruverðs frá því, sem hún er í nóvember 1978, sem svarar 3% af verðbótavísitölu þeirri, sem gildir fram að 1. desember 1978.

Ríkisstjórnin tilkynnir Kauplagnesfnd ákvarðanir sínar um aukna niðurgreiðslu samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar. Kauplagnesfnd skal reikna jafngildi niðurgreiðsluaukningar þessarar í verðbótastigum og gera opinbera grein fyrir niðurstöðum sínum svo skjótt sem kostur er.

2. gr.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lagasetningu til lækkunar skatta og gjalda á lágtækjufólki, sem metnar eru sem 2% af verðbótavísitölu þeirri, sem gildir fram að 1. desember 1978.

3. gr.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðgerðum og lagasetningu til ýmissa félagslegra umbóta, sem metnar eru til kjarabóta sem 3% af verðbótavísitölu þeirri, sem gildir fram að 1. desember 1978.

4. gr.

Á tímabilinu 1. desember 1978 til 28. febrúar 1979 skal greiða verðbætur á laun samkvæmt verðbótavísitölu 151 stig, sbr. þó ákvæði 2. gr. laga nr. 96/1978 um kjaramál.

Frá 1. mars 1979 skal greiða verðbætur á laun samkvæmt verðbótavísitölu 151 stig, að viðbætti þeirri stigatölu, er verðbótavísitala reiknuð samkvæmt ákvæðum kjarasamninga hækkar frá 1. desember 1978 til 1. mars 1979, sbr. þó ákvæði I. kafla laga nr. 96/1978 um kjaramál.

II. KAFLI

Um batur almannatrygginga skv. lögum nr. 67 1971 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 96 1971, nr. 112 1972, nr. 62 1974, nr. 13 1975, nr. 36 1976, nr. 68 1977, nr. 69 1977, nr. 3 1978, nr. 91 1978 og nr. 96 1978.

5. gr.

Batur almannatrygginga, aðrar en fæðingarstyrkur, skulu 1. desember 1978 og 1. mars 1979 taka sömu hlutfallshækkun og laun verkamanna þessa daga. Hækkun þessi skal einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum.

Fjárhæð uppbótar á lífeyri, tekjutryggingar, skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með áorðnum breytingum, svo og heimilisuppbótar, skv. 2. mgr. 19. gr. greindra laga, skal þó hækka um 9% 1. desember 1978.

III. KAFLI

Gildistökuákvæði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 30. nóvember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.